

11. gr.

Fánastöng skal setja upp við húsið. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipa þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947 og breytingu á þeim lögum nr. 47 frá 5. júní 1957, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. desember 1970.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.

Nr. 281.

8. desember 1970.

REGLUGERÐ

fyrir Heilsuverndarstöð Selfoss.

1. gr.

Heilsuverndarstöðin er staðsett á Selfossi og starfssvæði hennar er Selfoss-læknishérað. Starfssvæði má stækka, ef um það semst, milli stjórnar stöðvarinnar og sveitarfélaga utan læknishéraðsins.

Stöðin má veita þjónustu öðrum en þeim, sem búsettir eru í Selfosslæknishéraði, og fer um þá þjónustu samkvæmt reglum, sem stjórn stöðvarinnar setur og ráðherra staðfestir.

2. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Selfoss er fyrst um sinn heilsuvernd í eftirtöldum greinum:

1. Mæðravernd (eftirlit með barnshafandi konum).
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólacftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd (í skólum).
5. Íþróttacftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).

6. Atvinnusjúkdómavarnir.
7. Berklavarnir.
8. Áfengisvarnir.
9. Geðvernd.
10. Almennar sjúkdómavarnir.

3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar Selfoss skipa 3 menn, 1 læknir, skipaður af ráðherra og skal hann vera formaður stjórnarinnar, og 2 menn kosnir af oddvitanefnd læknishéraðsins. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og sveitarstjórna.

Stjórnin annast rekstur heilsuverndarstöðvarinnar í umboði viðkomandi sveitarstjórna, og skulu fundargerðir stjórnar lagðar fyrir oddvitafund til staðfestingar. Stjórn heilsuverndarstöðvarinnar skipuleggur alla starfsemi stöðvarinnar og ákveður um framkvæmdir og störf samkv. 2. gr.

Stjórnin ræður starfslíð að stöðinni eftir því sem þörf krefur, og ráða má hjúkrunarkonu eða ljósmóður að stöðinni til þess að sjá um daglegan rekstur undir umsjón lækna stöðvarinnar og stjórnar hennar.

4. gr.

Heilsuverndarstöðin skal hafa aðskilið reikningshald. Um skiptingu kostnaðar og annað, sem viðkemur rekstri heilsuverndarstöðvarinnar, fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44 1955.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44 1955, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. desember 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

16. desember 1970.

Nr. 282.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Súðavíkurkaupúni í N.-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Bannað er hundahald í Súðavíkurkaupúni nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum, er hún setur, er fullnægt, en þó mega hundar aldrei vera úti að næturlagi, er truflað geta svefn manna og raskað næturró. Einnig skal þess gætt, að hundar hafi ekki truflandi áhrif á eðlilega umferð um þorpið.

3. gr.

Hreppsnefnd getur afturkallað veitt leyti til hundahalds hvenær sem er, ef hún telur ástæður til og skilyrðum, er hún setur, hefur ekki verið fullnægt.